



LANGANESBYGGÐ

13. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn fimmtudaginn 27. nóvember 2014 og hófst kl 17:00

Mætt eru: Hilma Steinarsdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Gunnólfur Lárusson, Reynir Atli Jónsson, Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Oddviti kynnti að dagskrárlíður nr 19 – Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga fellur niður og verður á dagskrá á fundir sveitarstjórnar þann 11. desember n.k. Þá óskar oddviti eftir að gera þá breytingu að líður nr 18 verði Finnafjörður og að líður nr 19 verði skýrsla sveitarstjóra. Þessar breytingar á dagskrá samþykktar samhljóða

Dagskrá:

1. Fundargerð 258. stjórnarfundar Eypings dags 3. október 2014

Lögð fram til kynningar

2. Fundargerð 259. stjórnarfundar Eypings dags 15. október 2014

Lögð fram til kynningar

3. Fundargerð 260. stjórnarfundar Eypings dags 3. nóvember 2014

Lögð fram til kynningar

4. Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara dags 11. nóvember 2014

Lögð fram til kynningar

5. Opinn fundur um byggðarkvóta þann 24. nóvember 2014

Vel mætt var á opinn fund um byggðarkvóta. Þar kom fram hjá meirihluta fundarmanna að byggðarkvóti er til að styrkja byggðirnar og telur sveitarstjórn að núverandi reglur ráðuneytisins miði að því. Sveitastjórn mun því ekki óska eftir frekari breytingum á reglum um byggðarkvóta fiskveiðiársins 2014/2015 en þá sem samþykkt var á sveitarstjórnarfundum þann 29. október sl. Stefnt er að því að sveitarfélagið haldinn opinn fund um byggðarkvóta næsta haust til að fara yfir framkvæmd og reglur vegna byggðarkvóta fiskveiðiársins 2015/2016. Bókun borinn undir sveitarstjórn og samþykkt samhljóða.

6. Minnisblað frá samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags tónlistarskólakennara þann 11. nóvember 2014

Lagt fram til kynningar



7. Umsókn um styrk – Flugsaga Austurlands

Lagt til erindinu verði hafnað. Samþykkt samhljóða.

8. Fyrirspurn vegna niðurgreiðslu daggæslukostnaðar dags 18. nóvember 2014

Bréfritari óskar eftir aukinni niðurgreiðslu vegna daggæslu fyrir barn sem komin er á leikskólaaldur. Sveitarstjórn telur ekki fært að auka niðurgreiðslur umfram það sem nú er. Samþykkt samhljóða.

9. Verslunarmál á Bakkafirði

Í erindinu koma fram áhyggjur verslunareiganda á minnkandi verslun sveitarfélagsins í búðinni á Bakkafirði ásamt hugmyndum að breyttri og bættri nýtingu á húsnæði verslunarinnar.

Sveitarstjórn tekur undir þá hugmynd að skoða möguleikana á bættri nýtingu á verslunnarhúsnæðinu á Bakkafirði. Erindinu vísað til Atvinnu- menningar og ferðamálanefndar til umfjöllunar. Sveitarstjóra falið að skoða ástand hússins og áætla kostnað vegna endurbóta.

Bókun borin undir fundarmenn og samþykkt samhljóða.

10. Skil á fjárhagsáætlun 2015-2018

Lagt fram til kynningar.

11. Fjárhagsáætlun 2015

Drög að fjárhagsáætlun rædd. Búið er að funda með öllum deildarstjórum og fá upplýsingar frá þeim.

Síðan gögnin voru send út er búið að gera ráð fyrir meiri kostnaði vegna viðhalds í eigarsjóði.

Ákveðið að halda vinnufund með sveitarstjórn þann 4. desember n.k. 17:00 þar sem farið verður ítarlega yfir kostnað fyrir hverja deild. Varamenn sveitarstjórnar verði boðaðir líka. Samþykkt samhljóða.

12. Útsvar 2015

Lagt til að útsvarsprósenta verði óbreytt frá fyrra ári eða 14,52%

Samþykkt samhljóða.

13. Gjaldskrá grunn- og leikskóla Langanesbyggða 2015

Gjaldskrá grunn- og leikskóla er endurskoðuð um áramót ár hvert. Um síðustu áramót var ákveðið að hækka ekki gjaldskrá leikskóla og gjaldskrá tónlistaskóla en gjaldskrá mötuneytis var hækkuð. Á þeim forsendum er lagt er til að leikskólagjöld verði hækkuð um 5%, tónlistaskólinn verði hækkaður um 5% og að skólamáltíðin verði hækkuð um 3%.

Hækkunin tekur gildi 1. janúar 2015. Samþykkt samhljóða.

Gjaldskráin í heild sinni verður sett inn á heimasíðu Langanesbyggðar.



14. Álagning gjalda 2015, gjaldskrár Langanesbyggðar

Lagt til að álagning gjalda verði þau sömu árið 2015 og fyrir árið 2014.

1. Gjaldskrá fasteignagjalda

- Fasteignaskattur A - Íbúðarhúsnæði og bújarðir eru 0,625% af heildarálagningarstofni.
- Fasteignaskattur B - Sjúkrastofnanir, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttarhús og bókasöfn eru 1,32 % af heildarálagningarstofni.
- Fasteignaskattur C - Atvinnuhúsnæði og annað húsnæði eru 1,65% af heildarálagningarstofni.
Samþykkt samhljóða.

2. Lóðarleiga

- Lóðarleiga A - Lóðarleiga er 1,5% af fasteignamati lóða fyrir íbúðarhús.
- Lóðarleiga B - Lóðarleiga er 2,5% af fasteignamati lóða fyrir atvinnuhúsnæði og opinberra bygginga.
Samþykkt samhljóða

3. Vatnsgjald

- A - Vatnsgjald er 0,30% af heildarálagningarstofni.
- B - Aukavatnsgjald er kr. 34 pr. m³ vatns.
Samþykkt samhljóða

4. Fráveitugjald

- Fráveitugjald er 0,225% af heildarálagningarstofni.
Samþykkt samhljóða

5. Sorphreinsunargjöld

- Sorphreinsunargjald heimila kr. 20.000,- á íbúð.
- Sorpeyðingargjald heimila kr. 20.000,- á íbúð.
Samþykkt samhljóða.

Fjöldi gjalddaga er almennt 8, sá fyrsti 1. febrúar og sá síðasti 1. september. Ef heildargjöld greiðanda eru undir kr. 20.000 þá er einungis einn gjalddagi 1. febrúar

Eindagi fasteignagjalda er 30 dögum eftir gjalddaga. Ef fasteignagjöldi eru ennþá ógreidd mánuði eftir eindaga verða þau send í innheimtu.

Undanþáguákvæði og afslættir vegna álagninga gjald 2015 standa óbreytt frá árinu 2014.

Samþykkt samhljóða



15. Nýjar fastanefndir í Langanesbyggð

Rætt var um fastanefndir í samræmi við bókun sveitarstjórnar við lið 22 á fundi sveitarstjórnar þann 10. júlí 2014. Lagðar fram hugmyndir og drög að samþykktum. Ákveðið að vinna þetta áfram og skipuð var 3 manna nefnd. Í nefndinni sitja Reynir Atli Jónsson, Þorsteinn Ægir Egilsson og Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir og munu þau vinna þetta áfram í samvinnu við starfsmenn skrifstofu. Samþykkt samhljóða.

16. Fjarfundabúnaður í húsnæði Langanesbyggðar á Bakkafirði

Til þess að auðvelda aðilum á Bakkafirði að taka þátt í nefndarstörfum og öðru samstarfi á milli þéttbýliskjarnanna í Langanesbyggð er lagt til að settur verði upp fjarfundarbúnaður á Bakkafirði. Hugmyndin er að búnaðurinn gæti verið í skólanum. Samþykkt að fela sveitastjóra að taka saman nákvæman kostnað og koma með á næsta fund. Taka þarf tillit til þessa í vinnu við fjárhagsáætlun fyrir árið 2015. Samþykkt samhljóða.

17. Vís á Þórshöfn

Sveitarstjórn þykir miður að leggja eigi niður útibú Vís á Þórshöfn og hvetur stjórnendur til að endurskoða þá ákvörðun sína. Sveitarstjórn telur slæmt að verið sé að skerða þjónustu við íbúa og fyrirtæki og að stöðugildi Vís sé að tapast úr byggðarlaginu. Sveitastjóra falið að senda ályktunina á Vís. Samþykkt samhljóða

18. Finna fjörður – staða

Staða Finna fjörðarverkefnisins er að í framhaldi af samningi sem gerður var á vordögum 2014 og samningum við landeigendur á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði var farið í ýmsar rannsóknir. Byrjað var nú í sumar á náttúrufarsrannsóknnum sem snúa að fínu og fuglalífi. Búið er að fljúga flygildi með myndavél yfir hið skipulagða athafnasvæði, taka myndir og framkvæma hæðarmælingar (*gera hæðarmódel*). Tvær veðurstöðvar eru komnar til landsins og er verið að undirbúa þær fyrir uppsetningu sem getur vonandi átt sér stað fyrirpartinn í desember. Ef veður leyfir er stefnt að jarðvegsrannsóknnum í desember. Grafnar verða prufuholur á mismunandi stöðum innan svæðisins og jarðlög rannsökuð. Reiknað er með að tvö ölddufl verði sett upp fyrir næsta vor, annað í Finnafirði og hitt fyrir utan í Bakkaflóa. Bremenports hefur einnig fengið gögn um veðurfar fyrri ára frá veðurstöðvum hér á svæðinu hjá Veðurstofu Íslands.

Í lok október var fundað með Mr Howe forstjóra Bremenport, aðilum frá sveitarfélögnum, verkfræðistofunni Eflu ásamt aðilum frá ráðuneytum og ríkisreknum fyrirtækjum. Á fundinum fór fram almenn umræða um aðstæður á svæðinu, lagaumgjörð og fyrirkomulag.

Ljóst er að enn eru mörg óvissuatriði og ákaflega margt sem smella þarf saman áður en af framkvæmdum og rekstri umskipunar og þjónustuhafnar við Finna fjörð verður.



LANGANESBYGGÐ

Elías og Siggeir fóru á Artic Circle ráðstefnuna um norðurslóðir sem var haldinn í Reykjavík um mánaðarmótin október/nóvember. Þar kom saman mikill fjöldi aðila sem hafa hagsmuna að gæta á norðurslóðum eða hafa áhuga á þróun mála á svæðinu. Margar áhugaveðrar framsögur voru, umræður fróðlegar og ljóst að breytingar eru að verða á mörgum sviðum. Mr Howe var í málstofu með kynningu á áherslum Bremenports, á sömu málstofu var rætt um samfélags- og umhverfismál.

19. Skýrsla sveitarstjóra

- a. Ráðningar í leikskólann og áhaldahúsið á Bakkafirði. Sveitarstjóri kynnti að fengin var ráðningarstofa til að ræða við umsækjendur. 1 umsækjandi var um stöðu leikskólakennara og 3 umsækjendur um stöðu starfsmanns áhaldahúss.
- b. Önnur mál. Búið er að ákveða fund með sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps þriðjudaginn 2. desember n.k. milli kl 16:00-18:00.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 19:17